

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK



Áfangastaðaaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2023-2026



Áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins

Unnin af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2024 í samstarfi við:




Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu




Efnisyfirlit

• Um áfangastaðáætlun höfuðborgarsvæðisins	4
• Um Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins	8
• Stöðugreining á áfangastaðnum	13
• Framtíðarsýn og stefnumörkun áfangastaðarins	17
• Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið	
• Hvernig áfangastaður viljum við vera?	
• Sögur sem við viljum segja	
• Gildi áfangastaðarins	
• Persónuleiki og tónn áfangastaðarins	
• Markhópar	
• Markmið og mælikvarðar	
• Áhersluverkefni Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins	45
• Framkvæmdaverkefni sveitarfélaga	50
• Viðauki 1	75





Um áfangastaðaaáætlun
höfuðborgarsvæðisins



Áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins var stofnuð 3. apríl 2023 af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins. Samhliða stofnun stofunnar var fyrsta áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins unnin.

Áfangastaðaaætlun er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins.

Um er að ræða sameiginlega stefnuyfirlýsingu sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins er gerð að frumkvæði stjórnvalda, en er unnin af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins í nánú samstarfi við sveitarfélög, aðildarfélög, íbúa og aðra hagaðila.

Sjálfbærni er meginstoð í allri þróun áfangastaðarins þar sem horft er til þess að ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á umhverfi, efnahag og samfélag. Áhersla er á samvinnu og samstarf við þróun og markaðssetningu á áfangastaðnum.

Áfangastaðaaætlun er uppfærð árlega með tilliti til framkvæmdaverkefna sveitarfélaga.

Aðdragandi

Um mitt ár 2017 fór í gang vinna við gerð fyrstu áfangastaðaaætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Stjórnvöld gerðu þá samninga við markaðs- og áfangastaðastofur hvers landshluta fyrir sig en á höfuðborgarsvæðinu var sú vinna leidd af Höfuðborgarstofu hjá Reykjavíkurborg.

Í framhaldinu ákvað Reykjavíkurborg að ráðast í gerð ferðamálastefnu sem birt var árið 2020. Markmið stefnunnar til áranna 2020-2025 var að skerpa sýn, forgangsraða og endurmeta með hvaða hætti ætti að sinna ferðapjónustu til lengri tíma. Ein af niðurstöðum þeirrar vinnu var að kannaður skyldi grundvöllur þess að stofna markaðs- og áfangastaðastofu fyrir höfuðborgarsvæðið. Ráðgjafi hóf störf og vann tillögur sem lagðar voru fyrir stjórn SSH í byrjun árs 2021.

Í desember 2021 samþykkti stjórn SSH samkomulag sveitarfélaganna um næstu skref. Settur yrði af stað samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál til að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni.

Í janúar 2022 var verkefnastjóri ráðinn tímabundið til að vinna að undirbúningi að stofnun áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið. Liður í þeirri vinnu var jafnframt að móta fyrstu áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins.

Þegar vinna hófst við gerð áfangastaðaaætlunar í febrúar 2022 kom í ljós að tímarammi verkefnisins myndi ekki leyfa hefðbundið ferli, þ.e. að fá alla hagaðila að borðinu til að móta forsendur framtíðarsýnar áfangastaðarins. Því var farin sú leið að byggja á þeim grunni sem áfangastaðurinn hefur unnið eftir, svo sem stefnu stjórnvalda, ferðamálastefnum sveitarfélaganna, svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, rannsóknnum á ferðahegðun erlendra ferðamanna, sýnileika á Visit Reykjavík vefnum, skoðun á samkeppnisaðilum og viðtölum við valda hagaðila.

Sett var upp framtíðarsýn með fjórum lykiláherslupáttum sem áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið myndi vinna að á gildistíma áfangastaðaaætlunar:

Náttúra – Menning og listir – Vellíðan – Sjálbærni

Þar sem ný markaðs- og áfangastaðastofa var ekki tekin til starfa þegar áfangastaðaaætlunin var birt var ekki búið að fullmóta verkefni hennar heldur voru lagðar fram tillögur að verkefnum sem hægt væri að ráðast í. Nánar um þessi verkefni má finna í [Viðauka](#).

Einnig var lagt til að mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar og stefnu fyrir svæðið yrði eitt af verkefnum sem nýstofnuð markaðs- og áfangastaðastofa myndi taka fyrir eftir að formlegt samstarf hagaðila væri hafið.

Haustið 2023 hófst umfangsmikil vinna á vegum Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, með aðkomu hagaðila á svæðinu, við að dýpka stefnuna og móta sameiginlega framtíðarsýn og stefnumörkun áfangastaðarins.

Stefnumörkun um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið var unnin á tímabilinu september til nóvember 2023 í samstarfi við Instrúment. Markmiðið með stefnumörkuninni var að búa til langtímasýn fyrir áfangastaðinn, aðgreiningu frá öðrum áfangastöðum og að áfangastaðurinn hafi spennandi sögu að segja.

Um 60 aðilar komu að mótun stefnunnar á þremur vinnustofum. Ásamt því var horft til stefnumörkunar stjórnvalda, áfangastaðaaætlunar, markaðsherferðar á vegum Höfuðborgastofu og annars efnis um þróun ferðapjónustunnar í heiminum. Framtíðarsýnin og stefnumörkunin var lögð til samþykktar fyrir stjórn og stefnuráði í upphafi árs 2024.



Um Markaðsstofu
höfuðborgarsvæðisins



Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins
þróar og markaðssetur áfangastaðinn í heild.

Áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka
gjaldeyrstekjur.

Markaðsstofan vinnur undir merkjum
Visit Reykjavík í öllu markaðsstarfi.



Hlutverk og helstu áherslur Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins:

- Efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis og stoðkerfisins.
- Efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Stuðla að sátt íbúa, atvinnulífsins og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku.
- Vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa
höfuðborgarsvæðisins

Stjórn, stefnuráð og faghópar

Stjórn er skipuð sjö manns og þremur til vara.

Fjórir eru tilnefndir af stjórn SSH og sitja í tvö ár hið minnsta.*

Þrír koma frá aðildarfyrirtækjum og einn varamaður og er kosið ár hvert.

Stefnuráð er skipað 12 manns.

Sex eru tilnefndir af stjórn SSH og sex kosnir frá aðildarfyrirtækjum ár hvert.

Hlutverk stefnuráðs er að vera tengiliður milli stofnenda og samstarfsaðila stofunnar og stjórnar hennar, koma að stefnumótun og áætlanagerð og hafa eftirlit með starfseminni í samræmi við það sem kveðið er á um í samþykktum hennar. Stefnuráð hittist tvisvar á ári.

Faghópar eins og við á.

Aðildarfélagar & fulltrúar sveitarfélaga.

* Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður eiga fast sæti í stjórn.

Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes skipta með sér sæti og varamannasætum.



Grunnforsenda árangurs eru samskipti við hagaðila á viðkomandi svæði.

Slíkt umhverfi verður til við að **lykilhagaðilar geti tekið þátt í mótun og uppbyggingu á áfangastaðnum** þannig að stuðningur sé við verkefni stofunnar.

Hagaðilar



Samstarfs- og aðildafélagar

Sveitarfélög


- Reykjavík
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Kópavogur
- Mosfellsbær
- Seltjarnarnes

Aðildarfélagar

- Fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu

Samstarfsaðilar

- Menningar- og viðskiptaráðuneyti
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Ferðamálastofa
- Íslandsstofa
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Markaðsstofur landshlutanna
- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar
- Íslenski ferðaklasinn
- o.fl.



Stöðugreining á
áfangastaðnum



Höfuðborgarsvæðið 2023

3.483.746 gistinætur
55 hótél
5.463 hótélherbergi
234 gistiheimili
301 veitingastaðir
284 ferðaskrifstofuleyfi
351 ferðaskipuleggjendur

733 km²

Íbúar höfuðborgarsvæðisins 1. janúar 2023



Reykjavík
134.298



Kópavogur
38.770



Seltjarnarnes
4.540



Garðabær
18.509



Hafnarfjörður
29.806



Mosfellsbær
13.091

Ferðapjónusta á höfuðborgarsvæðinu (2023)

Gjaldeyristekjur af ferðapjónustu á Íslandi, kr. 597.657.500.000

Lykiltölur 2023

91%

erlendra ferðamanna
heimsækja
höfuðborgarsvæðið

48%

hótelherbergja
á landinu eru á
höfuðborgarsvæðinu

2,9

er meðaltal fjölda
gistinátta erlendra
ferðamanna á
höfuðborgarsvæðinu

66%*

íbúa á
höfuðborgarsvæðinu
hafa jákvætt viðhorf
til ferðamanna

41,9*

NPS skor fyrir
höfuðborgar-
svæðið

9,6%**

hlutfall ferða-
þjónustu af heildar-
atvinnutekjum

77%

meðalnýting
hótelherbergja

15.800


starfandi í
ferðapjónustu

* Tölur frá 2024 ** Tölur frá 2022

Seglar höfuðborgarsvæðisins

Haustið 2023 vann ráðgjafafyrirtækið Datera greiningu fyrir Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins á vinsælustu ferðamannastöðum höfuðborgarsvæðisins samkvæmt leitaráhuga ferðamanna á netinu.

20 helstu seglar svæðisins út frá leitaráhuga:



1. Sky Lagoon



2. Harpa



3. Hallgrímskirkja



4. Hið íslenska
reðasafn



5. Perlan



6. Sólfarið



7. Víkingur hótél /
Village



8. Flyover Iceland



9. Príhnúkakagigur



10. Lava Show



11. Esjan



12.
Þjóðminjasafnið



13. Gróttta



14. Friðarsúlan



15.
Laugardalslaug



16.
Reykjavíkurhöfn



17. Nauthólsvík



18. Saga Museum



19. Whales of
Iceland



20. Smáralind



Framtíðarsýn og stefnumörkun áfangastaðarins



Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið



Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið

Framtíðarsýnin fyrir áfangastaðinn

sem við viljum vera þekkt fyrir



Leiðandi í sjálfbærni

Ein heild fyrir fjölbreytta upplifun

Staður til að hægja á

Samfélag lífsgæða

Gestrisni



Leiðarljós

Höfuðborgarsvæðið er vinalegur og nærandi áfangastaður, iðandi af menningu og lífi, en jafnframt náttúruperla sem býr að þeirri hreinu orku sem einkennir Ísland.

Stoðir

Borgin og náttúran

Höfuðborgarsvæðið verður ekki aðskilið frá hinni nærandi náttúru sem í senn flæðir um svæðið og umlykur það.

Orkan og vatnið

Tilveran er að mörgu leyti byggð á hitanum og orkunni sem býr í náttúrunni. Það hefur mótað samfélagið og gert að fyrirmynd annarra.

Samfélag lífsgæða

Samfélagið er opið, frjálslynt og fjölskylduvænt. Það einkennist af fjölbreytileika, umburðarlyndi, samkennd og jafnrétti – sem íbúar eru stoltir af.

Minnsta stórborgin

Höfuðborgarsvæðið býr yfir öfluggu menningarlífi - oft kraftmeira en gestir búast við - sem stenst fyllilega samanburð við stærri borgir.

Sjálfbærni er megináherslan í öllum stoðunum
SUMAR, VETUR, VOR & HAUST

Gildi

Nærgætni

Umburðarlyndi

Útsjónarsemi

Gestrisni

Stolt

Hvernig áfangastaður viljum við vera?

Stefna og framtíðarsýn



Við viljum að áfangastaðurinn verði þekktur sem ...

Leiðandi í sjálfbærni

Höfuðborgarsvæðið á að hafa skýra tengingu við sjálfbærni og vera öðrum áfangastöðum fyrirmynd í þeim efnum rétt eins og Ísland í heild.

Svæðið hefur sterkan sjálfbæran grunn en þar þarf að horfa til fjögurra þátta: samfélagsins, efnahagsins, umhverfisins og upplifunar gesta í takti við stefnu stjórnvalda.

Samhliða þarf að leggja áherslu á nærandi ferðaþjónustu þar sem markmiðið er að skilja við áfangastaðinn í betra ástandi en þegar komið var að honum.



Við viljum að áfangastaðurinn verði þekktur sem ...

Ein heild fyrir fjölbreytta upplifun

Höfuðborgarsvæðið er fjölbreytt svæði sem býður upp á iðandi menningarlíf, afþreyingu, mat, verslun, söfn og viðburði af ýmsu tagi sem og einstakar náttúruperlur. Allt þetta myndar eina heild.



Við viljum að áfangastaðurinn verði þekktur sem ...

Staður til að hægja á

Ferðamenn eiga að taka meðvitaða ákvörðun um að dvelja á höfuðborgarsvæðinu og nýta sér þá upplifun sem er í boði. Svæðið á að vera áfangastaður þar sem fólk vill vera í hæglæti, dvelja og upplifa til lengri tíma, jafnt erlendir og innlendir ferðamenn.



Við viljum að áfangastaðurinn verði þekktur sem ...

Samfélag lífsgæða

Áhersla er á að deila þeim lífsgæðum sem felast í því að búa á höfuðborgarsvæðinu, einu opnasta og jafnréttissinnaðasta samfélagi heims.

Um leið er vakin athygli á því góða sem ferðapjónustan skapar fyrir bæði íbúa og ferðamenn þegar kemur að lífsgæðum og upplifun með nærgætni við samfélagið í huga.



Við viljum að áfangastaðurinn verði þekktur fyrir ...

Gestrisni

Höfuðborgarsvæðið hefur löngum verið þekkt fyrir gestrisni og af því erum við stolt. Tryggjum áfram að ferðamenn upplifi sig velkomna – óháð uppruna, kyni eða skoðunum og fari héðan með góðar sögur að segja.



Sögur sem við viljum segja

Leiðarljós og stoðir




Höfuðborgarsvæðið er vinalegur og nærandi áfangastaður, iðandi af menningu og lífi, en jafnframt náttúruperla sem býr að þeirri hreinu orku sem einkennir Ísland.



Borgin og náttúran

Höfuðborgarsvæðið verður ekki aðskilið frá hinni nærandi náttúru sem í senn flæðir um svæðið og umlykur það.


- Náttúra frá fjöru til fjalls – í bakgarðinum
- Fjölbreytt afþreying – eitthvað fyrir alla
- Vellíðan og heilsa í nærandi náttúru
- Eldvirkni í bakgarðinum



Orkan og vatnið

Tilveran er að mörgu leyti byggð á hitanum og orkunni sem býr í náttúrunni. Það hefur mótað samfélagið og gert að fyrirmynd annarra.

- Heita vatnið og hreina orkan
- Hreinleiki, heilsa og vellíðan
- Laugar og böð sem hluti af menningunni



Samfélag lífsgæða

Samfélagið er opið, frjálst og fjölskylduvænt. Það einkennist af fjölbreytileika, umburðarlyndi, samkennd og jafnrétti – sem íbúar eru stoltir af.

- Frelsi og jafnrétti
- Fjölbreytileiki, umburðarlyndi og samkennd
- Fjölskylduvænt og fræðandi



Minnsta stórborgin

Höfuðborgarsvæðið býr yfir öflugu menningarlífi sem oft er meira en gestir búast við, og stenst fyllilega samanburð við stærri borgir.

- Öflugt menningarlíf
- Gæði í matarmenningu og verslun
- Listamenn, söfn og sýningar á heimsmælikvarða
- Suðupottur ólíkra strauma
- Ung borg – stutt saga



Borgin og náttúran

Höfuðborgarsvæðið verður ekki aðskilið frá hinni nærandi náttúru sem í senn flæðir um svæðið og umlykur það.



Orkan og vatnið

Tilveran er að mörgu leyti byggð á hitanum og orkunni sem býr í náttúrunni. Það hefur mótað samfélagið og gert að fyrirmynd annarra.



Samfélag lífsgæða

Samfélagið er opið, frjálst og fjölskylduvænt. Það einkennist af fjölbreytileika, umburðarlyndi, samkennd og jafnrétti – sem íbúar eru stoltir af.



Minnsta stórborgin

Höfuðborgarsvæðið býr yfir öfluglu menningarlífi - oft kraftmeira en gestir búast við - sem stenst fyllilega samanburð við stærri borgir.




Sjálfbærni er megináherslan í öllum stoðunum
SUMAR, VETUR, VOR & HAUST

Gildi áfangastaðarins



Nærgætni

Við göngum vel um samfélagið og náttúruna í kringum okkur.




Umburðarlyndi

Við berum virðingu hvort fyrir öðru.



Útsjónarsemi

Við leysum þau vandamál sem upp kunna að koma á góðan hátt.



Gestrisni

Við viljum að gestum okkar líði vel þegar við erum sótt heim.



Stolt

Við erum hreykin af því að búa á höfuðborgarsvæðinu og viljum deila því með öðrum.



Persónuleiki og tónn áfangastaðarins



Persónuleiki og tónn

Frásagnargleði

Við viljum að segja sögur – sannar sögur úr hversdagsleikanum.



Hér eru öll velkomin

Gestrisni er okkur í blóð borin. Við komum jafnt fram við alla okkar gesti.



Opin og vinaleg


Við erum afslöppuð, auðmjúk og tökum okkur ekki of alvarlega.



Markhópar áfangastaðarins



Lífsglöðu heimshornaflakkararnir




- Ung, tæknivædd og ástríðufull fyrir ferðalögum.
- Efnuð og reiðubúin að kaupa ferðir fyrirfram, sér í lagi náttúruferðir, gönguferðir og vistvænar ferðir.
- Ævintýragjörn en innan skynsamlegra marka.
- Ferðast í núinu og leitast eftir því að upplifa menningu áfangastaðarins.
- Áreiðanleiki er lykilatriði þegar kemur að skilaboðum.

Sjálfstæðu landkönnuðurnir



- Reyndir ferðalangar (40 ára eða eldri).
- Vilja ekki hefðbundna eða of skipulagða ferðadagskrá og eru tilbúin til að leggja meira á sig en aðrir til að fá sanna og nýja upplifun.
- Kjósa að ferðast í minni hópum, líklegast með maka sínum, þar sem ekta íslensk upplifun skiptir máli.
- Leita að tækifærum til að læra um menningu og sögu áfangastaðarins og ferðast á vistvænan hátt.
- Eru mun ólíklegri til að nota samfélagsmiðla í samskiptum en aðrir hópar.

Markmið og mælikvarðar



Leiðandi í sjálfbærni

Mælikvarði: GDX index

Staðan 16. sæti 2022 í GDS benchmark.

Markmið: Reykjavík verði á topp tíu lista GDS benchmark árið 2027

Ein heild fyrir fjölbreytta upplifun

Mælikvarði: Ferðavenjukönnun meðal erlendra ferðamanna

Staðan: Sumarið 2024 sögðust færri en 10% ferðamanna fara í Hafnarfjörð, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Hlutfall ferðamanna sem heimsækja Kópavog var um 12%

Markmið: Sumarið 2027 verði hlutfall ferðamanna sem segist heimsækja hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu minnst 10%.

Staður til að hægja á sér

Mælikvarði: Gistinætur

Staðan: Meðaltal gistinátta erlendra ferðamanna á höfuðborgarsv. var 2.9 árið 2023.

Markmið: Meðaltal verði 3.2 eða hærra árið 2027.

Samfélag lífsgæða

Mælikvarði: Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna

Staðan: 66% íbúa með jákvætt viðhorf til ferðamanna árið 2024.

Markmið: hlutfall íbúa sem eru með jákvætt viðhorf til ferðamanna verði 75% eða hærra árið 2027.

Gestrisni


Mælikvarði: NPS skor

Staðan: NPS skor fyrir höfuðborgarsvæðið mældist 41,9 yfir sumartímann árið 2024.

Markmið: NPS skorið mælist 60 yfir sumartímann árið 2027.



Áhersluverkefni Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins



Áhersluverkefni

Áhersluverkefni Markaðsstofunnar eru aðgerðir og verkefni sem falla að markmiðum um þróun á áfangastaðnum og miða að því að ná fram framtíðarsýninni sem sett er fram í áætluninni.

Áhersluverkefnin er þrennskonar: þróunarverkefni, markaðsstarf og almannatengsl og samstarf og tengsl við hagaðila.



Ferðapjónustukjarnar og ferðaleiðir

Kortlagning og þróun ferðapjónustukjarna (áfangastaða) og ferðaleiða á höfuðborgarsvæðinu sem munu nýtast í vörupróun og markaðssetningu á svæðinu.

Þróun áfangastaða

Vinnustofur og samtal við hagaðila um þróun og skipulag áfangastaða.

Reykjavík City Card

Þróun á stafrænni útgáfu gestakortsins fyrir allt höfuðborgarsvæðið til þess að auka ánægju gesta og stuðla að bættri markaðssetningu á menningartengdri upplifun og umhverfisvænum samgöngumáta.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Mótun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem styður við heimsmarkmið um að draga úr losun. Verkefnið felur í sér að aðstoða ferðapjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu í átt að sjálfbærni.

Nærsamfélagið

Virkja samtal við íbúa til að stuðla að jákvæðum áhrifum ferðapjónustunnar á nærsamfélaglið og lífsgæði íbúa.

Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa

Mótun á stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa í höfnum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Fræðsluverkefni

Fræðsluverkefni sem stuðla að aukinni fagmennsku, hæfni og gæði í ferðapjónustu. Verkefnin eru unnin í nánú samstarfi við ýmsa samstarfsaðila, svo sem Hæfnisetur ferðapjónustunnar og Íslenska ferðaklasann.

Rannsóknir og mælikvarðar

Reglulegar mælingar og kannanir á m.a. viðhorfum íbúa og ferðahegðun erlendra ferðamanna til að fylgjast með þróun áfangastaðarins.

Útivist á höfuðborgarsvæðinu

Þróun á upplýsingum um útivistarsvæði og göngu- og hjólaleiðir sem nýtist íbúum höfuðborgarsvæðisins jafnt sem gestum. Verkefni á vegum SSH.

Markaðsmál & almannatengsl

Vefurinn www.visitreykjavik.is

Markaðsstofan heldur utan um vefinn visitreykjavik.is. Heimsóknir um vefinn eru um 1 milljón á ári. Á vefnum er einnig viðamikil viðburðadagatal fyrir menningarviðburði á höfuðborgarsvæðinu.

Samfélagsmiðlar @visitreykjavik

Fylgjendur á samfélagsmiðlum (facebook og instagram) eru um 150 þúsund.

Samstarf er við valda áhrifavalda bæði innlenda og erlenda.

Reykjavík City Card

Markaðsstofan fer með markaðssetningu og sölu á gestakortinu Reykjavík City Card. Kortið er öflugt markaðsstól til þess að benda á þá fjölbreyttu afþreyingu sem er í boði á höfuðborgarsvæðinu.

Almannatengsl

Markaðsstofan svarar fyrirspurnum innlendra og erlendra blaðamanna, skipuleggur og tekur þátt í blaðamannaferðum með samstarfsaðilum og Íslandsstofu.

Erlent markaðs- og tengslastarf

Markaðsstofan tekur þátt í ferðasýningum og viðskiptasendinefnum erlendis.

Einnig er verið að aðstoða og byggja upp tengsl við erlenda söluaðila ásamt almennri svörun fyrirspurna frá þeim.

Markaðsstofan skipuleggur einnig með samstarfsaðilum FAM ferðir fyrir erlenda söluaðila.

Erlent samstarf

Markaðsstofan tekur þátt í ýmsu erlendu samstarfi, þar má fyrst telja að hún er aðili að CityDNA sem er þekkingarnet og tengslastarf í ferðaþjónustu á milli borga í Evrópu.

Samstarf og tengsl við hagaðila

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins stuðlar að þróunar-, markaðs- og tengslastarfi aðila á höfuðborgarsvæðinu:

Hittumst

Ferðasýning ferðapjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu sem haldinn er árlega.

Ferðamálaping höfuðborgarsvæðisins

Haldið árlega þar sem fengnir eru fyrirlesarar sem fjalla um málefni tengd ferðapjónustunni.

Höfuðgleði

Uppskeruhátíð ferðapjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu

Morgunspjall með vin

Létt og skemmtileg samverustund þar sem aðildarfélagar fá tækifæri til að kynna sér önnur fyrirtæki, mynda tengsl og spjalla yfir góðum kaffibolla.

Markaðsstofan er hluti af Markaðsstofum landshlutanna og kemur að ýmsum viðburðum og verkefnum í tengslum við samstarfið, þ.á.m:

Ferðapjónustuvikan

Markaðsstofur landshlutanna, Íslenski ferðaklasinn, Samtök ferðapjónustunnar, Ferðamálstofa og Íslandsstofa bjóða upp á spennandi dagskrá þar sem lögð er áhersla á að auka vitund um mikilvægi ferðapjónustu og efla samstarf og fagmennsku í greininni með fróðlegri og skemmtilegri dagskrá.

Mannamót

Árleg ferðakaupstefna haldin af Markaðsstofum landshlutanna.

Menntamorgnar

Unnið í samstarfi við Hæfnisetur ferðapjónustunnar og Samtök ferðapjónustunnar



Framkvæmdaverkefni sveitarfélaganna



Framkvæmdaverkefni

Framkvæmdarverkefni sveitarfélaga eru verkefni sem viðkomandi sveitarfélag vinnur að í samstarfi við þá sem málið varðar. Verkefnin hafa það markmið að efla áfangastaði eða áningarstaði ferðamanna, m.a. með því að

- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

Uppbygging innviða er á hendi sveitarfélaga, landeigenda og annara hagaðila. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins er ekki í forsvari fyrir framkvæmdaverkefni, en getur veitt aðstoð og stuðlað að samtali hagaðila sé tilefni til þess.

Markaðsstofan óskar eftir lista frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu yfir framkvæmdarverkefni sem efla eiga ferðaþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi og sem er ráðgert að framkvæmd verði á gildistíma áfangastaðaáætlunar. Á næstu síðum má finna upplýsingar um verkefnin og er listinn uppfærður árlega.

Framkvæmdaverkefni sveitarfélaganna



Reykjavík

- 1: Úlfarsfell
- 2: Nauthólsvík / Ylströnd
- 3: Fossvogsbakkar
- 4: Viðey
- 5: Skáldkonugarður



Kópavogur

- 1: Stígagerð á Vatnsendahæð
- 2: Gönguleiðir í Lækjarbotnalandi
- 3: Tröllabörn
- 4: Borgarholt
- 5: Trjásafnið í Meltungu
- 6: Kópavogsleira



Hafnarfjörður

- 1: Seltún í Krýsuvík
- 2: Hellisgerði
- 3: Helgafell
- 4: Krýsuvíkurborg
- 5: Hvaleyrarvatn
- 6: Gráhelluhraun
- 7: Leiðarendi
- 8: Sjóbaðsaðstaða við Herjólfsgötu
- 9: Áningarstaður við Reykjanesbraut
- 10: Hvaleyrarlón
- 11: Stjörnuskoðun í Krýsuvík
- 12: Vitinn
- 13: Hamarinn



Garðabær

- 1: Minjagarðurinn á Hofsstöðum
- 2: Vífilstaðavatn og Vatnsmýri í Vífilstaðahrauni
- 3: Garðahverfi – verndarsvæði í byggð
- 4: Búrfell – frá hrauni til gígs
- 5: Fjöruferð á Álfanesi
- 6: Bessastaðir



Mosfellsbær

- 1: Orkugarður
- 2: Gljúfrasteinn og Jónstótt
- 3: Fræðslulóð/ganga frá Blikastaðanesi að Leiruvogi
- 4: Útivistarsvæðið í Hamrahlíð við Úlfarsfell
- 5: Álafosskvos
- 6: Sundaðstaða við Hafravatn



Seltjarnarnes

- 1: Gerð gönguleiðar á milli safnasvæðisins og Snoppu
- 2: Bílastæði í nágrenni Gróttu og safnasvæðis
- 3: Samræmdar merkingar og upplýsingarskilti

Verkefni 1: Úlfarsfell

Úlfarsfell er vinsælt útivistarsvæði með gönguleiðum víðsvegar um fjallið. Á toppi fjallsins er einn besti útsýnistaður höfuðborgarsvæðisins þaðan sem horfa má alla leið upp á Snæfellsnes. Í suður og austur er m.a. víðsýni yfir Heiðmörk, Bláfjöll og Hengilsvæðið.

Hvað á að gera?

- Merkja gönguleiðirnar með skiltum
- Koma upp salernisaðstöðu við bílastæði við upphaf göngu- og hjólaleiðar við Úlfarsfellsveg
- Setja upp göngu- og hjólaleiðaskilti
- Útsýnispallur og bekkir
- Stígagerð og lagfæring göngu- og hjólaleiða

Markmið verkefnisins:

- Auka öryggi gesta
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla

Verkefni 2: Nauthólsvík / Ylströnd

Nauthólsvík er vinsælt útivistarsvæði og áfangastaður við Skerjafjörð.

Hvað á að gera?

- Stígagerð til að bæta aðgengi fyrir alla niður að Ylströnd

Markmið verkefnisins:

- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi

Verkefni 3: Fossvogsbakkar

Austan og innan við Nauthólsvík er náttúruvættið Fossvogsbakkar. Þar er að finna vinsæla gönguleið.

Hvað á að gera?

- Setja upp fræðsluupplýsingar um jarðminjar svæðisins og fuglalíf
- Koma upp upplýsingum um sjávarföll til að vara við flóði og fjöru
- Fara í átak gegn ágengum tegundum, lúpínu og þistli, sérstaklega á bökkunum, til að tryggja sýnileika jarðmyndana
- Fara í aðgerðir vegna öryggis og setja upp viðvaranir vegna hrun - og fallhættu

Markmið verkefnisins:

- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf/fræðsla

Verkefni 4: Viðey

Viðey er vinsælt útivistarsvæði með gönguleiðum, en eyjan hefur um árabil verið miðstöð menningar, náttúru og útivistar. Síðan Reykjavík fékk Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju að gjöf hefur eyjan verið vinsæll áfangastaður ferðamanna og heimamanna.

Hvað á að gera?

- Stígagerð og endurnýjun stíga
- Merkingar og uppsetning fleiri upplýsinga- og fræðsluskilta um sögu og náttúru eyjunnar auk korts af gönguleiðum

Markmið verkefnisins:

- Auka öryggi gesta
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf/fræðsla

Verkefni 5: Skáldkonugarður

Skáldkonugarður er reitur við gatnamót Bragagötu og Freyjugötu. Þar er útivistarsvæði við inngang að leikvelli/leikskóla.

Hvað á að gera?

- Á reitnum verði rósarunnar og fjölbreyttur undirgróður, sett verður upp sérhönnuð lýsing og bókaskiptiskápur og „bókaopnustandar“
- Kvenskáld verður valið til þess að ritstýra garðinum
- Fimm svokallaðir bókaopnustandar verða settir upp þar sem ljóð íslenskra kvenskálda verða til sýnis, prentuð á álplötur
- Sett verður upp upplýsingaskilti sem útskýrir verkefnið og höfunda garðsins

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf/fræðsla
- Bæta ásýnd svæðisins

Verkefni 1: Stígagerð á Vatnsendaheiði

Vatnsendaheiði er vinsælt útivistarsvæði og mikið nýtt af hjólræiða- og göngufólki. Árið 2022 hóf Kópavogsbær gerð göngu- og hjólastíga (malarstíga) á svæðinu skv. tillögu að skógræktar- og útivistarsvæði frá 1996. Fyrirhugað er að halda verkefninu áfram.

Hvað á að gera?

- Gerð göngu- og hjólastíga um Vatnsendaheiði með tengingum við Guðmundarlund
- Kortagerð og merkingar

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka öryggi gesta
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Verkefni 2: Gönguleiðir í Lækjarbotnalandi

Lækjarbotnaland er fallegt útivistarsvæði skammt frá Suðurlandsvegi.

Hvað á að gera?

- Skilgreina og stika gönguleiðir í Lækjarbotnalandi sem tengja saman svæði við Tröllabörn, Selhóla, Lakheiði og Selfjall, jafnvel Heiðmörk.

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka öryggi gesta

Verkefni 3: Tröllabörn

Tröllabörn eru í Lækjarbotnalandi og eru friðlýst sem náttúruvætti. Náttúruvættið eru hraundrýli sem mynduðust þegar hraunstraumurinn frá Leitunum rann yfir mýrlendi eða mjög grunnstætt stöðuvatn á flatlendinu framan við Lækjarbotna.

Hvað á að gera?

- Bæta aðstöðu við bílastæði
- Uppfæra upplýsingaskilti

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Aukin upplýsingagjöf/fræðsla

Verkefni 4: Borgarholt

Borgarholt er friðlýst náttúruvætti á Kársnesi og nýtur sérstöðu vegna jarðmyndana og náttúrufars. Efst á holtinu stendur Kópavogskirkja, tákn Kópavogsbæjar.

Hvað á að gera?

- Setja stíg um holtið sem ekki hefur rask í för með sér („svífandi stígur“)
- Uppfæra og fjölga upplýsingaskiltum

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Aukin upplýsingagjöf/fræðsla

Verkefni 5: Trjásafnið í Meltungu

Í Fossvogsdal er að finna trjásafn, eitt stærsta sinnar tegundar héraendis. Safnið er fjölbreytt útivistarsvæði og nýtist m.a. til slökunar, kennslu, fuglaskoðunar eða náttúruupplifunar.

Hvað á að gera?

- Gerðir hafa verið um 2 km af malar- og kurlstígum um safnið, en verkefnið felst í að setja þar jarðvegsgrindur til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra
- Gert verði leiksvæði í tengslum við trjásafnið
- Fjölgað verður fræðsluskiltum og þau uppfærð

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Aukin upplýsingagjöf/fræðsla
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Verkefni 6: Kópavogsleira

Kópavogsleira er ein stærsta leira á höfuðborgarsvæðinu, um 21 hektari að flatarmáli. Ýmsar lífverur lifa þar og mikið fuglalíf er á svæðinu.

Hvað á að gera?

- Útbúa pall og fuglaskoðunarhús við Kópavogsleiru með tengingu við heilsuhring á Kópavogstúni

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

Verkefni 1: Seltún í Krýsuvík

Seltún er háhitasvæði og afar vinsæll áfangastaður ferðamanna.

Hvað á að gera?

- Viðhald á stígum á háhitasvæðinu í Seltúni
- Uppbygging göngu- og hjólaleiða á svæðinu er forgangsatriði Hafnarfjarðarbæjar þar sem svæðið er mjög vinsæll ferðamannastaður.
- Á svæðinu þarf einnig að byggja upp aukna aðstöðu, lengja opnunartíma salerna yfir vetrarmánuðina og koma upp aðstöðu/innviðum fyrir veitingasölu (matarvagna).

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Verkefni 2: Hellisgerði

Skrúðgarðurinn Hellisgerði er stolt Hafnarfjarðar og aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Mikill gróður er í garðinum, há tré og stórir runnar og rætur sem eru viðkvæmar fyrir raski. Svæðið hefur allt verið skipulagt og hannað með altæka hönnun að leiðarljósi svo bæði fatlaðir og ófatlaðir komist á helstu dvalarsvæðin án þess þó að landmótun eigi sér stað svo garðurinn haldi sérstöðu sinni sem eini garðurinn á landinu sem er mótaður eftir landslaginu.

Hvað á að gera?

- Flestir stígar eru malarstígar og flestar tröppur eru lagðar hraunhellum og mikil þörf er á að endurnýja bæði tröppur og stíga, lýsingu og fleira í garðinum.
- Lagðir verða göngustígar, sett upp leiksvæði, setþrep, timburbekkir, ljósastólpur, ljósapollar og kastarar, hraunþrep endur- eða nýlögð ásamt handlistum. Þrep og rampar úr smíðajárni verða í samræmi við landslagshönnun garðsins.

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Verkefni 3: Helgafell

Helgafell er vinsæl fjallgönguleið fyrir ferðamenn og íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Tignarlegt útsýni er af toppnum, en þaðan sést vel yfir höfuðborgarsvæðið og Reykjanesskagann.

Hvað á að gera?

- Stika gönguleiðir við Helgafell
- Merkja gönguleiðirnar með skiltum á svæðinu

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta

Verkefni 4: Krýsuvíkurborg

Krýsuvíkurborg eru sjávarklettur með mjög fjölskrúðugu fuglalífi. Þar er gott tækifæri til að fylgjast með sjávarfuglum og margbreytilegu samspili hafs og lands.

Hvað á að gera?

- Laga veg og aðgengi að svæðinu
- Gera bílastæði samkvæmt deiliskipulagi
- Deiliskipulag gerir einnig ráð fyrir göngustígum að berginu og útsýnispalli sem nær út fyrir bergið

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Verkefni 5: Hvaleyrarvatn

Hvaleyrarvatn er vinsælt útivistarsvæði og vinsæll áfangastaður ferðamanna.

Hvað á að gera?

- Endurskoða aðkomu að vatninu
- Byggja upp göngustíg umhverfis Hvaleyrarvatn miðað við algilda hönnun
- Uppsetning leiktækja/afþreyingar á svæðinu
- Uppbygging aðstöðuhúss með fleiri salernum

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Verkefni 6: Gráhelluhraun

Gráhelluhraun er eitt af nokkrum hraunum sem á uppruna sinn í Búrfellseldstöðinni, en hraunin eru talin vera um 8000 ára gömul. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði.

Hvað á að gera?

- Aðskilja umferð gangandi og ríðandi með tveimur brúm til að auka öryggi vegfarenda í Gráhelluhrauni
- Uppbygging bíla- og hjólastæða fyrir útivistarfólk
- Uppsetning á upplýsingaskiltum

Markmið verkefnisins:

- Auka öryggi gesta
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

Verkefni 7: Leiðarendi

Leiðarendi er hellir sem er afar vinsæll meðal ferðamanna.

Hvað á að gera?

- Verndun viðkvæms mosagróðurs með gerð aðkomupalla að hellinum
- Regluleg þrif í hellinum og endurbygging dropasteina
- Önnur uppbygging samkvæmt deiliskipulagi

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

Verkefni 8:

Sjóbaðsaðstaða við Herjólfsstötu

Fjöldi fólks stundar sjósund í víkinni við Herjólfsstötu og/eða Sundhöll Hafnarfjarðar.

Hvað á að gera?

- Bæta aðstöðu fyrir þau sem stunda sjósund á svæðinu, t.d. með því að setja upp skýli til að skipta um föt

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

Verkefni 9: Áningarstaður við Reykjanesbraut

Kapellan í Kapelluhrauni er áhugaverður áningarstaður í uppbyggingu.

Hvað á að gera?

- Uppbygging áningarstaðar við Reykjanesbraut við Kapelluna í Kapelluhrauni með skilti sem sýnir helstu þjónustu fyrir ferðamenn í Hafnarfirði og á höfuðborgarsvæðinu

Markmið verkefnisins:

- Aukin fræðsla og upplýsingagjöf

Verkefni 10: Hvaleyrarlón

Hvaleyrarlón er útivistarsvæði með hátt fræðslugildi. Dýralíf og fuglalíf er sérlega auðugt á svæðinu. Svæðið er friðlýst.

Hvað á að gera?

- Uppbygging aðstöðu fyrir fuglaskoðun við Hvaleyrarlón. Gerð fuglaskoðunarhúss.
- Gerð bílastæðis
- Setja upp upplýsingaskilti
- Merkja gönguleiðir
- Koma upp bekkjum

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla

Verkefni 11: Stjörnuskoðun í Krýsuvík

Deiliskipulag sýnir þjónustuhús þar sem hægt er að setja upp stjörnusjónauka og koma upp aðstöðu jafnt inni sem úti.

Hvað á að gera?

- Uppbygging aðstöðu fyrir stjörnuskoðun í Krýsuvík

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Verkefni 12: Vitinn

Vitinn í Hafnarfirði er áhugaverður staður og hefur sögulegt gildi fyrir Hafnarfjörð. Bæta þarf aðgengi að vitanum til að gestir þurfi ekki að klöngrast um hraun og mosa.

Hvað á að gera?

- Uppbygging á gönguleið að vitanum og umhverfi hans, t.d. með pöllum og tröppum

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

Verkefni 13: Hamarinn

Hamarinn er friðað svæði og vinsælt svæði til útivistar. Þar er hægt að njóta útsýnis yfir allan Hafnarfjörð og nærliggjandi svæði.

Hvað á að gera?

- Setja upp söguskilti og/eða sjónauka sem sýnir byggð Hafnarfjarðar þróast í áranna rás (saga Hafnarfjarðar í myndum).

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla

Verkefni 1: Minjagarðurinn á Hofsstöðum

Minjagarðurinn á Hofsstöðum við Kirkjulund í Garðabæ hefur að geyma minjar eins stærsta landnámsskála sem fundist hefur á Íslandi. Svæðið við minjagarðinn hefur verið endurhannað með nýjum upplýsingaskiltum og margmiðlunarefni í sjónaukum sem byggja á fornleifarannsókn á svæðinu. Svæðið er opið almenningi án endurgjalds og er opið allan sólarhringinn.

Hvað á að gera?

- Setja upp fræðsluskilti og/eða leiðarmerkingar sem tengja saman gönguleið á milli Minjagarðsins á Hofsstöðum og margmiðlunarsýningarinnar Aftur til Hofsstæða sem er staðsett í miðbæ Garðabæjar við Garðatorg.

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

Verkefni 2: Vífilsstaðavatn og Vatnsmýri í Vífilsstaðahrauni

Vífilsstaðavatn og nágrenni voru friðlýst árið 2007. Umhverfis Vífilsstaðavatn er vinsæll útivistarstígur. Útivistarbekkir eru meðfram stígnum og skýli við bílastæðið við Elliðavatnsveg. Fræðsluskiltum hefur verið komið upp þar sem upplýsingar eru um lífríki vatnsins, fugla og gróður. Útivist í kringum Vífilsstaðavatn og nágrenni nýtur sífellt meiri vinsælda og nauðsynlegt að fara í úrbætur á svæðinu sem og að byggja upp nýja aðstöðu fyrir gesti sem vilja njóta náttúrunnar. Um leið þarf að tryggja verndun vatnsins, náttúru og dýralífs á svæðinu.

Hvað á að gera?

- Stækka malbikaða bílastæðið.
- Setja upp salernisaðstöðu við bílastæði.
- Setja upp fræðsluskilti um lífríki vatnsins, flórgoða og aðrar fuglategundir við norðurbakkann.
- Girða af eða setja trépall á norðurbakkann til að vernda gróður.
- Girða af og loka villistígum umhverfis vatnið.
- Lagfæra gönguslóða upp að Gunnhildi.
- Fuglaskoðunarhús sett upp við vatnið og við Vatnsmýrina.
- Vatnsmýrin í Vífilsstaðahrauni: Byggja votlendispalla á útivistarstíginn yfir votu svæðin sem liggja undir vatni stóran hluta úr árinu.
- Endurnýja göngubrú við Vífilsstaðavatn.

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka öryggi gesta
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla

Verkefni 3: Garðahverfi - verndarsvæði í byggð

Garðahverfi á Álftanesi er samþykkt verndarsvæði í byggð. Garðahverfið er sérstaklega aðlaðandi fyrir sögu- og náttúruunnendur. Þar má upplifa gang tímans, sögu kynslóðanna og margbreytileika árstíðanna.

Hvað á að gera?

- Undirbúningsvinna við að kostnaðarmeta og áfangaskipta uppbyggingu á sögu- og útivistarleiðum í Garðahverfi, sk. náttúruleið, byggðarleið og minningaleið sem ættu upphafspunkt í miðju hverfisins við burstabæinn Krók á Garðaholti.

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

Verkefni 4: Búrfell - frá hrauni til gígs

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ voru friðlýst sem náttúruvætti 2020. Þar eru jarðmyndanir sem eru sérstakar á landsvísu og hafa hátt vísinda- og fræðslugildi. Svæðið er mjög vinsælt útivistarsvæði. Innan svæðisins er talsvert af menningarminjum frá fornri tíð. Heilmikil uppbygging hefur átt sér stað við að lagfæra göngustíga og reiðstíga á svæðinu ásamt því að búa til gott bílastæði.

Hvað á að gera?

- Láta hanna og setja upp fræðsluskilti við stjörnuskoðunarsvæði sem er í uppbyggingu í grennd bílastæðis við Búrfellsgjá.
- Koma upp salernisaðstöðu við bílastæði að Búrfellsgjá.

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

Verkefni 5: Fjöruferð á Álftanesi

Fjörur á Álftanesi, við friðlýst svæði á Hliði, Gesthúsafjöru, Sandskarð og Seylu, hafa mikið útivistargildi. Fjörurnar eru hluti af blápræðinum sem er samheiti yfir alla strandlengju höfuðborgarsvæðisins.

Hvað á að gera?

- Endurnýja þarf eldri fræðsluskilti og bæta við nýjum um lífríkið á svæðinu.
- Gera þarf kynningarefni sem hvetur íbúa og ferðamenn til fjöruferðar á Álftanesi og kynnir náttúru, sögu og útvist á svæðinu.
- Setja upp aðstöðu fyrir fuglaskoðun.
- Setja upp sjóbaðsaðstöðu við fjöru á Álftanesi.
- Skoða hvort og hvar megi staðsetja salernisaðstöðu við fjörur á Álftanesi.

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

Verkefni 6: Bessastaðir

Bessastaðir eru aðsetur forseta Íslands. Bessastaðir eiga sér mikilvægan sess í sögu landsins og því er ásókn á svæðið mikil bæði af heimaþólki og ferðamönnum. Sögulegar byggingar við forsetasetrið á Bessastöðum eru einstakar sem og náttúran í kring. Við Bessastaði er búið að gera nýjan útivistarstíg meðfram heimreið að Bessastöðum og útbúa nýtt bílastæði sem auðveldar komu ferðamanna á svæðið.

Hvað á að gera?

- Áframhaldandi samstarf Garðabæjar við forsetaembættið og Bessastaðasókn um frekari þróun á áfangastaðnum Bessastöðum og nágrenni. Gera áætlun um uppbyggingu á svæðinu, s.s. hvar megi bæta úr gerð göngustíga og tengja við önnur svæði, miðlun fræðslu o.fl.

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

Verkefni 1: Orkugarður

Orkugarður er áningarstaður þar sem minnst er upphafs nýtingar á heitu vatni á Íslandi. Skammt þar frá var árið 1908 fyrst leitt heitt vatn inn í íbúðarhús á Íslandi af Stefáni B. Jónssyni bónda á Reykjum. Búið er að samþykkja deiliskipulag fyrir Orkugarð. Aðstæður í dag eru hættulegar og færa þarf innviði til nútímalegra horfs. Þar með er hægt að festa í sessi betri og stærri áningarstað.

Hvað á að gera?

- Gert er ráð fyrir að áningarsvæðið verði stækkað og myndi Orkugarð við borholu Veitna með upplýsingaskiltum um sögu heita vatnsins.
- Komið verði fyrir níu bílastæðum sem myndu marka upphaf gönguleiðar upp Reykjafell og eru tenging við Græna trefil höfuðborgarsvæðisins.
- Einnig verða sett upp hjólastæði og lýsing og yfirborðsfrágangur yrði lagaður með hellulögn, malbiki og grænu svæði. Leiktæki og bekkir settir upp.

Markmið verkefnisins:

- Auka öryggi gesta
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla

Verkefni 2: Gljúfrasteinn og Jónstótt

Hlutverk Gljúfrasteins er að varðveita og sýna heimili Halldórs Laxness og fjölskyldu hans. Safnið er lifandi og stendur vörð um lífsstarf Nóbelskáldsins. Jónstótt verður gestastofa sem tilheyrir starfsemi Gljúfrasteins og mun sinna móttöku ferðafólks. Umhverfið í kringum Gljúfrastein er mikið sótt af útivistarfólki.

Hvað á að gera?

- Þróa og hanna möguleika til upplifunar í og við umhverfi Gljúfrasteins og Jónstóttar, með gerð göngustíga, áningarstaða og upplifunarsvæða með tengingu við verk Halldórs Laxness.
- Sköpun svæða sem eru tilvalin til útikennslu fyrir leik- og grunnskólanema

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Aukin upplýsingagjöf / fræðsla

Verkefni 3: Fræðsluslóð/ganga frá Blikastaðanesi að Leiruvogi

Um er að ræða tæplega 4 km gönguleið meðfram strandlengju Blikastaðaness og að Leiruvogi.

Hvað á að gera?

- Byggja upp gönguleið með áningarstöðum, möguleikum á fuglaskoðun og fræðslu meðfram fallegri strandlengju.
- Gönguleiðin mun auka upplifun gesta og fræða um leið um áhugaverðar minjar, sjaldgæfar plöntur og fjölbreytt fuglalíf.
- *Markmið verkefnisins:*
 - Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
 - Aukin upplýsingagjöf / fræðsla

Verkefni 4: Útivistarsvæðið í Hamrahlíð við Úlfarsfell

Hamrahlíð er aðkomusvæði við gönguleið upp á Úlfarsfell. Úlfarsfellið er afar vinsælt til fjallgöngu meðal ferðamanna og heimamanna.

Hvað á að gera?

- Lagfæra bílastæði, bæta aðkomu og stígakerfi þar sem bílastæði er of lítið og svæðið ekki gert fyrir jafn mikla ásókn og raunin er og sem hefur aukist með tilkomu ferðamanna.

Markmið verkefnisins:

- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

Verkefni 5: Álafosskvos

Álafosskvosin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er samofin sögu og menningu bæjarins. Svæðið er nú miðstöð handverks og hefur fjölbreyttur hópur listafólks aðstöðu á svæðinu. Kvosin er umkringd falletgri náttúru: Varmá, Álafoss, Reykjalundarskógur og Stekkjarflöt. Álafosskvosin hefur þannig góðar tengingar við fallegar gönguleiðir í átt að Hlégarði og miðbæ Mosfellsbæjar í gegnum Stekkjarflöt og til austurs í gegnum Reykjalundarskóg og að Varmánni.

Hvað á að gera?

- Skoðaðir verða frekari möguleikar Álafosskvosar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn og er verkefnið leitt af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins. Ætlaður afrakstur vinnunnar eru hugmyndir að aðgerðum til að efla áfangastaðinn og framtíðasýn fyrir Álafosskvos. Áherslur Mosfellsbæjar á verkefni í Álafosskvos munu taka mið af niðurstöðum þessarar vinnu.

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Verkefni 6: Sundaðstaða við Hafravatn

Við Hafravatn geta ferðamenn upplifað ósnerta íslenska náttúru steinsnar frá þéttbýli höfuðborgarsvæðisins og baðað sig í íslensku stöðuvatni.

Hvað á að gera?

- Gera bílaplan
- Gera pall út í vatnið
- Setja upp skýli til að skipta um föt

Markmið verkefnisins:

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

Verkefni 1: Gerð gönguleiðar á milli safnasvæðisins og Snoppu

Um er að ræða friðuð svæði sem eru á náttúruminjaskrá og/eða hverfisvernduð enda mikið um fornminjar á svæðinu auk þess sem það er einstakt fuglalíf og því mikilvægt að verja náttúruna og menningarminjarnar. Á sama tíma þarf að tryggja aðgengi íbúa og ferðafólks að svæðinu sem og tengingar og flæði þannig að mögulegt sé að ferðast á milli náttúruperla og sögufrægra staða (segla) án þess að það hafi neikvæð áhrif á náttúruna.

Hvað á að gera?

- Til stendur að (endur)gera göngustíga/slóða á vestursvæðunum, einni helstu náttúruperlu Seltjarnarness sem dregur að sér fjölda gesta sem vilja njóta útiveru. Gerð gönguleiðar/stígs sem mun liggja á milli safnasvæðisins (Nesstofa/Náttúruhús) og Snoppu, framhjá Gróttubyggð og Ráðagerði.

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

Verkefni 2: Bílastæði í nágrenni Gróttu og safnasvæðis

Á svæðinu eru margir áfangastaðir ferðamanna. Fjölgun ferðamanna hefur nú þegar aukið aðsókn á svæðið til mikilla muna auk þess sem Ráðagerði dregur að sér fjölda gesta. Gert er ráð fyrir að aðsókn ferðamanna, skólabarna og almennra gesta aukist enn þegar fyrirhugað Náttúruhús verður opnað.

Hvað á að gera?

- Endurskoðun á vestursvæði Gróttu á Seltjarnarnesi.
- Í skoðun er að færa bílastæði við Gróttu, a.m.k. að hluta, að Ráðagerði og Náttúruhúsi. Að það verði þannig úr garði gert að gestir skilji bílinn helst þar eftir og gangi svo eftir göngustígum á milli staða til að njóta útiveru. Með þessu myndi létta á viðkvæmum svæðum og ágangi umferðar í íbúagötur en um leið sköpuð betri og öruggari aðkoma að svæðinu og flæði og tengingar á milli seglanna á svæðinu tryggð.
- Gjaldtaka á bílastæðinu er í skoðun.

Markmið verkefnisins:

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta

Verkefni 3: Samræmdar merkingar og upplýsingarskilti

Verkefnið snýr að því að miðla fræðslu til gesta og ferðamanna með tæknilegum lausnum, þ.e. í gegnum snjallsíma.


Hvað á að gera?

- Setja upp samræmdar merkingar og upplýsingaskilti sem falla vel að umhverfinu á Seltjarnarnesi. Skiltin yrðu leiðarvísar auk þess að veita upplýsingar um áhugaverða staði, náttúruna, fuglalífið, söguna, menningarminjar o.fl. Útlit þeirra yrði í takt við það sem bent er á í Vegrúnu - merkinga- og leiðakerfinu sem sérstaklega er hannað er til að falla að náttúru Íslands.

Markmið verkefnisins:

- Aukin fræðsla og upplýsingagjöf
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

Viðauki



Hugmyndir að verkefnum sem sett voru fram í fyrstu útgáfu áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins í samræmi við framtíðarsýn.

Náttúra

- **Norðurljós**
Skilgreina svæði víðs vegar um höfuðborgarsvæðið sem ættu að henta vel til að sjá norðurljós.
- **Gönguleiðir**
Byggja upp gagnagrunn um gönguleiðir á Visit Reykjavík síðunni.
- **Hjólaleiðir**
Byggja upp gagnagrunn um gönguleiðir á Visit Reykjavík síðunni.
- **Fjaran**
Greining mögulegra áningarstaða við fjörur höfuðborgarsvæðisins.
- **Fjöllin**
Skoða hvernig hægt er að segja meira frá fjöllum í kringum höfuðborgarsvæðið í kynningarefni.
- **Heiðmörk**
Kortleggja hvernig markaðssetja eigi Heiðmörk og hvað þurfi mögulega að undirbúa til að gera hana að öflugum áningarstað.
- **Esjan**
Skoðun tækifæra á Esjusvæðinu.

Menning og listir

- **Söfn, setur & sýningar**
Á höfuðborgarsvæðinu eru yfir 60 söfn, setur og sýningar – skoða mögulega meiri samvinnu milli þessara aðila t.d. skoða hvort City Card gæti boðist söfnum utan Reykjavíkur.
- **Matarmenning**
Gild veitingahúsaleyfi 201 á höfuðborgarsvæðinu (2021) tækifæri í samvinnu þessara aðila til að koma á framfæri sérstöðu sinni og íslenskri matarmenningu.
- **Áhugaverðir staðir**
Á höfuðborgarsvæðinu eru mörg vinsæl áningarsvæði fyrir íbúa og ferðamenn og gæti verkefnið falist í því að miðla betur sögu þessara svæða s.s. gamla bryggjusvæðisins (Old Harbour), Laugardals, miðbæjar Hafnarfjarðar, Bessastaða, Álafoss og miðbæjar Reykjavíkur.
- **Húsin & Fólkið**
Mörg hús sem eiga sér mikla sögu og Íslendingar og eru þekkt á alþjóðavísu - gera sögu þeirra aðgengilegri fyrir erlenda gesti.
- **Viðburðir**
Aðstoða enn frekar við markaðssetningu á þeim viðburðum sem haldnir eru innan sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins.

Hugmyndir að verkefnum sem sett voru fram í fyrstu útgáfu áfangastaðáætlun höfuðborgarsvæðisins í samræmi við framtíðarsýn.

Vellíðan

- **Sundlaugar höfuðborgarsvæðisins**
Markaðssetja 17 sundlaugar svæðisins sem allar hafa sína sérstöðu þannig þeir sem gista á höfuðborgarsvæðinu heimsæki þær a.m.k. einu sinni.
- **Göngu- og hjólaleiðir**
Koma þarf göngu- og hjólaleiðum betur á framfæri með markaðssetningu.
- **Böð og sjósund**
Markaðssetja enn frekar þá baðstaði sem eru á höfuðborgarsvæðinu og kortleggja ef til fleiri staði fyrir sjóböð og koma skýrari skilaboðum á framfæri um sjósund og hvað beri að varast.
- **Heilsueflandi samfélag**
Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirritað samning við Landlæknisembættið um að verða heilsueflandi samfélag. Verkefnið gæti snúist um hvernig væri hægt nýta þá vinnu sem hefur farið fram og kynna hana fyrir erlendum ferðamönnum.

Sjálfbærni

- **Stöðugreining fyrirtækja og sveitarfélaga**
- **Vernd náttúru**
Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar
- **Orkuskipti**
Hleðsluinnviðir rafbíla
- **Rafvæðing hafna**
Landtenging skemmtiferðaskipta
- **Hreint drykkjarvatn**
Drykkjarfontar
- **Almenningssamgöngur**
Setja upp rútustoppustöðvar um allt höfuðborgarsvæðið

Ábyrgðarmaður
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Umbrot og hönnun
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Október 2024

